



Þekkingarnet
Þingeyinga

ALDURSGREINING Í ÞINGEYJARSÝSLU



Ágúst 2017

Ágúst 2017

Pekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Hönnunarsmiðja á Raufarhöfn : Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Jarðskjálftaráðstefna á Húsavík : Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Námskeið á Þórshöfn : Heiðrún Óladóttir

Réttir í Pistilfirði : Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Ábyrgð/ritsjón:

Óli Halldórsson/Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Frankvæmd:

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

ISBN 978-9935-405-54-8

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
ÞINGEYJARSVEIT	4
SKÚTUSTAÐAHREPPUR	6
NORÐURÞING	8
TJÖRNESHREPPUR	10
SVALBARÐSHREPPUR	12
LANGANESBYGGÐ	14
ÞINGEYJARSÝSLA Í HEILD	16
UPPTÖKUSVÆÐI DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILANNA	18
NIÐURSTÖÐUR	19

INNGANGUR


Greining þessi er unnin fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga bs. til að sjá betur fyrir íbúáþróun meðal eldri íbúa í Þingeyjarsýslu. Gögnin sem liggja til grundvallar greiningunni eru fengin hjá Hagstofu Íslands og útreiknuð fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig. Þess ber að geta að einungis er um tölfraðilegar upplýsingar að ræða og ýmsir þættir sem geta haft áhrif á forspárgildi þeirra. Ef horfa á ár og áratugi fram í tímann þarf til dæmis að huga að því hvernig umönnunarþörf þróast, framfærslugetu eldri borgara sem og aðstöðu og þjónustu í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Þegar lesið er í gegn um þær tölfraðiupplýsingar sem greiningin gefur má sjá að meðalaldur í Þingeyjarsýslu er hærri en á landsvísu, þó það sé aðeins mismunandi eftir sveitarfélögum. Þá er að fjölga í elstu aldurshópunum, sem kallast á við hækkandi meðalaldur. Í fámennari sveitarfélögum er þó erfitt að segja til með elstu aldurshópum þar sem fáir einstalingar eru í hverjum hópnum og óraunhæft að meta forspárgildi út frá hverjum hópnum. Þar þarf að horfa til aldurshóps fyrir neðan, hvort fjölgun hefur átt sér stað þar og mannfjöldaþróunar í sveitarfélaginu í heild.


Í Þingeyjarsýslu eru einungis tvö dvalar- og hjúkrunarheimili, á Húsavík og á Þórshöfn. Því má áætla að einstaklingar sem ekki eru búsettir á þeim stöðum þurfi að flytja lögheimili sitt þegar farið er á dvalarheimili. Það má t.d. sjá í Skútustaðahreppi að nokkur fækkun er á fólki 70 ára og eldra, sem kann að hluta að eiga sér skýringu í búsetuúrræðum. Einn þáttur til viðbótar er að ekki er öruggt að einstaklingar fari á dvalarheimili næst lögheimili, þar sem fjölskylduaðstæður hafa oft áhrif á slíkt val.

ÞINGEYJARSVEIT

Íbútar í Þingeyjarsveit voru 915 talsins 1. janúar 2017 og hafði þeim þá fækkað um 217 á 20 árum eða um tæp 20%. Eins og sjá má á mynd 1 þá fer meðalaldur hækkandi og er nokkuð yfir landsmeðaltali



Mynd 1. Meðalaldur í Þingeyjarsveit og meðalaldur á landsvísu.




Mynd 2. Fjöldi í elstu aldurshópum í Þingeyjarsveit árin 2008-2017.

Mynd 2 sýnir að það er nokkur fjölgun í flestum af eldri aldurshópunum síðastliðin 10 ár í Þingeyjarsveit.

- 50-59 ára = 24% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 2,4%
- 60-69 ára = 9% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 1%
- 70-79 ára = 13% heildarfækkun, meðalfækkun á milli ára -1,4%
- 80-89 ára = 70% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 6,3%
- 90-99 ára = 80% heildarfjölgun (ath. fáir einstaklingar), meðalfjölgun á milli ára 8,5%


Á sama tíma er heildarmyndin fyrir mannfjöldaþróun í Þingeyjarsveit sú að meðaltals fækkun á ári er 0,32% og þarf að taka tillit til þess ef nota á þessar tölur til að áætla fjölda einstaklinga í elstu aldurshópunum næstu árin. Ef horft er á heildarfjölda fólks 50 ára og eldra er fjölgun í þeim hópi um 14,4% en í hópi 70 ára og eldri er fjölgunin 10%.




Mynd 3. Heildarmannfjöldi í Þingeyjarsveit 2008-2017.

SKÚTUSTAÐAHREPPUR

Þann 1. janúar 2017 voru íbúar í Skútustaðahreppi 425 og hafði þeim þá fækkað um 41 síðustu 20 ár. Þó má geta þess að viðsnúningur hefur verið síðustu ár en árið 2010 voru íbúar 374 talsins. Eins og sjá má á mynd 4 hefur fjölgun íbúa síðustu ár einnig haft áhrif á meðalaldur íbúa og er hann nú aftur að nálgast landsmeðaltal.



Mynd 4. Meðalaldur í Skútustaðahreppi og meðalaldur á landsvísu.




Mynd 5. Heildarfjöldi elstu aldurshópunum í Skútustaðahreppi árin 2008–2017.

Eins og sjá má á mynd 5 þá er mismunandi þróun í elstu aldurshópunum síðastliðin 10 ár í Skútustaðahreppi.

- 50–59 ára = 46% heildarfjölgun, meðaltal á ári 4,5%
- 60–69 ára = 128% heildarfjölgun, meðaltal á ári 9,9%
- 70–79 ára = 26% heildarfækkun, meðaltal á ári -3%
- 80–89 ára = 52% heildarfækkun, meðaltal á ári -6,8%
- 90–99 ára = 300% heildarfjölgun (ath. fáir einstaklingar), meðaltal á ári 22%


Athygli vekur að fækkun er í aldurshópunum milli 70–79 ára og 80–89 ára og kann það að stjórna af búsetuáráðum fyrir eldra fólk í sveitarfélaginu. Á sama tíma er meðaltalsfjölgun á ári 0,68% og hefur þar orðið jákvæð sveifla undanfarin ár. Ef horft er á heildarfjölgun einstaklinga 50 ára og eldri má sjá 30% fjölgun en ef einunis er horft á 70 ára og eldri þá fækkar í þeim hópi um 32%.




Mynd 6. Íbúafjöldi í Skútustaðahreppi 2008–2017.

NORÐURÞING

Íbúar í Norðurþingi voru 2963 talsins 1. janúar 2017 og hefur því fækkað í heild um 508 íbúa síðastliðin 20 ár eða tæp 15%. Þar munar hlutfallslega mest um fækkun á Raufarhöfn en íbúum þar fækkaði um nærri 200 manns á þessum tíma. Á mynd 7 má sjá að árið 1998 var meðalaldur í Norðurþingi sá sami og á landsvísu en hefur hækkað aðeins meira síðastliðin ár.



Mynd 7. Meðalaldur í Norðurþingi og meðalaldur á landsvísu.




Mynd 8. Heildarföldi í elstu aldurshópunum í Norðurþingi 2008–2017.

Nokkur fjölgun er í elstu aldurshópunum í Norðurþingi eins og sjá má á mynd 8.

- 50–59 ára = 19,8% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 2%
- 60–69 ára = 30% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 3%
- 70–79 ára = 5,5% heildarfækkun, meðalfækkun á milli ára -0,5%
- 80–89 ára = 35% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 3,6%
- 90–99 ára = 75% heildarfjölgun (ath. fáir einstaklingar), meðalfjölgun á milli ára 8%


Á sama tíma og fjölgar í elstu árgöngunum er meðaltals fækkun í Norðurþingi uppá 0,05% sem gæti þýtt stöðnun í íbúafjölda en eins og sjá má á mynd 9 er niðursveifla síðustu ára búin að rétta sig nokkurn vegin af síðustu tvö ár. Þar má nefna að umfangsmiklar byggingarframkvæmdir hafa sitt að segja hvað íbúafjölda varðar. Ef horft er á heildarfjölda 50 ára og eldri má sjá 19% fjölgun en ef einungis er horft til einstaklinga 70 ára og eldri er fjölgun í þeim hópi 9,8%.




Mynd 9. Íbúafjöldi í Norðurþingi 2008–2017.

TJÖRNESHREPPUR

Íbúar í Tjörneshreppi voru 59 þann 1. janúar 2017 og hafði þá fækkað um 19 síðastliðin 20 ár eða tæp 25%. Eins og sjá má á mynd 10 þá er meðalaldurinn í Tjörneshreppi töluvert yfir landsmeðaltali og fer heldur hækkandi.



Mynd 10. Meðalaldur í Tjörneshreppi og meðalaldur á landsvísu.




Mynd 11. Heildarfjöldi í elstu aldurshópnum í Tjörneshreppi 2008-2017.

Eins og sjá má á mynd 11 þá eru mjög fáir einstaklingar í hverjum hópi í Tjörneshreppi og erfitt að draga ályktanir út frá prósentutölum með svo fáa einstaklinga á bak við.

- 50-59 ára = 0% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 1%
- 60-69 ára = 33% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 4%
- 70-79 ára = 22% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 5%
- 80-89 ára = 50% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 6%
- 90-99 ára = 100% heildarfjölgun (ath. fáir einstaklingar), meðalfjölgun á milli ára 0,5%


Meðalaldur í Tjörneshreppi er mjög hár og er breyting á íbúatölu vart merkjanleg þar sem einungis hefur fækkað um einn íbúa á 10 árum, úr 60 íbúum árið 2008 í 59 íbúa árið 2017. Þó hefur íbúum fjölgað í elstu hópunum sem fer saman með hækkandi meðalaldri í sveitarfélaginu. Ef horft er til heildarfjölda af einstaklingum 50 ára og eldri má sjá fjölgun um 24% en ef einungis er horft til 70 ára og eldri er fjölgun um 38%.




Mynd 12. Íbúafjöldi í Tjörneshreppi árin 2008-2017.

SVALBARÐSHREPPUR

Þann 1. janúar 2017 voru íbúar í Svalbarðshreppi 95 og hafði þá fækkað um 26 á 20 árum eða rúm 20%. Eins og sjá má á mynd 13 var meðalaldur sami og landsmeðaltal árið 1998 og hefur sveiflast aðeins til, er nú aðeins hærra en landsmeðaltal.



Mynd 13. Meðalaldur í Svalbarðshreppi og meðalaldur á landsvísu.




Mynd 14. Heildarföldi í elstu aldurshópunum í Svalbarðshreppi árin 2008-2017.

Eins og sjá má á mynd 14 þá er aðeins mismunandi eftir aldurshópum hvort orðið hefur fjölgun eða fækkun, en þarna eru einnig fáir einstaklingar sem skipa hvern hóp. Íbúar úr Svalbarðshreppi sækja helst á dvalarheimilið á Þórshöfn og flytja þá lögheimilið, sem getur skýrt fáa íbúa í elstu aldurshópunum.

- 50–59 ára = 27% heildarfækkun, meðalfækkun á milli ára -2,9%
- 60–69 ára = 60% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 7%
- 70–79 ára = 80% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 13%
- 80–89 ára = 60% heildarfækkun, meðalfækkun á milli ára -7%
- 90–99 ára = engir íbúar í þessum aldursflokki.


Meðalaldur í Svalbarðshreppi tekur nokkrum sveiflum á síðustu árum en íbúum hefur fækkað um 17% á síðustu 10 árum. Meðaltalsfækkun er -1,9% á ári frá 2008. Ef horft er á heildarfjölda einstaklinga í aldurshópi 50 ára og eldri er fjölgun um 8,5% en ef einungis er horft á 70 ára og eldri er fjölgunin 10%.




Mynd 1.5. Íbúafjöldi í Svalbarðshreppi árin 2008–2017.

LANGANESBYGGÐ

Íbúar í Langanesbyggð voru 484 talsins 1. janúar 2017 og hafði þá fækkað um 156 íbúa síðastliðin 20 ár eða rúmlega 24%. Þar munar hlutfallslega mest um fækkun í Bakkafirði en heildarfjöldi í póstnúmeri 685 fór úr 152 í 92 á þessum árum. Eins og sjá má á mynd 16 þá fylgir meðalaldur í sveitarfélaginu meðalaldri á landsvísu með smávægilegum sveiflum og er lægra en landsmeðaltal í fimm ár 2011-2015.



Mynd 16. Meðalaldur í Langanesbyggð og meðalaldur á landsvísu.




Mynd 17. Fjöldi íbúa í elstu aldurshópnum í Langanesbyggð.

Á mynd 17 má sjá að það er aðeins mismunandi á milli aldurshópa hvort það hefur fjölgað eða fækkað í Langanesbyggð.

- 50 - 59 ára = 18% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 2%
- 60 - 69 ára = 13,4% heildarfækkun, meðalfækkun á milli ára -1,2%
- 70 - 79 ára = 20,6% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 2,5%
- 80 - 89 ára = 7% heildarfækkun, meðalfækkun á milli ára -0,05%
- 90-99 ára = 0% heildarfjölgun, meðalfjölgun á milli ára 8%


Meðalaldur í Langanesbyggð liggur nánast samsíða meðalaldri á landsvísu. Á síðustu 10 árum hefur íbúatalan sveiflast frá 481 árið 2008, hæst uppí 531 árið 2014 en stendur nú í 484. Meðalfjölgun er því 1% á síðustu 10 árum. Ef horft er á heildarfjölda einstaklinga 50 ára og eldri er fjölgun um 6,6% en ef eingöngu er horft til 70 ára og eldri er fjölgun um 11%.




Mynd 18. Íbúafjöldi í Langanesbyggð árin 2008-2017.

ÞINGEYJARSÝSLA Í HEILD


Þar sem sum sveitarfélögin eru fámenn þá er erfitt að áætla þróun íbúafjölda í hverju fyrir sig og því er rétt að skoða Þingeyjarsýslu í heild. Eins og sjá má á mynd 19 þá hefur orðið jákvæð sveifla og íbúum fjölgað nokkuð síðustu 2 ár.



Mynd 19 Mannfjöldi í Þingeyjarsýslu 2008-2017




Mynd 20 Fjöldi íbúa í elstu aldurshópunum í Þingeyjarsýslu 2008-2017



Mynd 21 Möguleg fjöldapróun í eldri aldurshópunum næstu 5 árin.


Ef áætla á mögulegan fólksfjölda þarf að íhuga marga áhrifaþætti og varasamt er að áætla eingöngu út frá fjöldatölum. Þó meðalaldur fari hækkandi þá eru manningnum líffræðileg takmörk sett, auk þess sem dánartíðni, almenn fólksfjöldapróun, atvinnuástand og heilsufar eru allt áhrifamiklir þættir. Ef sett er upp einföld mynd af elstu tveimur aldurshópunum, 80-99 ára sem líklegastir eru til að þurfa á dvalar- og hjúkrunarheimili að halda, með því að taka meðalfjölda þeirra síðustu 10 ár í Þingeyjarsýslu og meðaltals fjölgun í þessum aldurshópi uppá 2,8% á ári þá gæti myndin litið svona út eins og sjá má á mynd 22.




Mynd 22 Möguleg fjöldapróun í aldurshópi 80-99 ára í Þingeyjarsýslu.

UPPTÖKUSVÆÐI DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILANNA

Í Þingeyjarsýslu eru tvö dvalar- og hjúkrunarheimili, Nausti á Þórshöfn og Hvammur á Húsavík. Á Nausti eru íbúar að mestu úr Langanesbyggð og Svalbarðshreppi, en á Hvamm sækja íbúar úr öðrum sveitarfélögum í Þingeyjarsýslu, þó alltaf séu einhverjir sem flytja annað af ýmsum ástæðum. Þar má m.a. nefna að í könnun sem Þekkingarnetið vann árið 2016 um þjónustu við eldri borgara í Skútustaðahreppi þá sögðust aðeins af 18 af 44 svarendum hugsa sér að fara á Hvamm á Húsavík þegar þörf væri slíkri dvöl.¹



Mynd 23 Fjöldi eldri íbúa á upptöku svæði Nausts.



Mynd 24 Fjöldi eldri íbúa á upptökusvæði Hvanms.

¹ Þjónusta við eldri íbúa í Skútustaðahreppi (2016). Þekkingarnet Þingeyinga. Sótt á <http://www.hac.is/wp-content/uploads/2016/04/Þjónusta-við-eldri-íbúaLOKA1.pdf>

NÍÐURSTÖÐUR

Af þessari samantekt á aldri eldri aldurshópa í sveitarfélögum í Þingeyjarsýslu má sjá að í öllum sveitarfélögum er hraðari fjölgun í eldri aldurshópunum heldur en í sveitarfélögum í heild. Þá má einnig sjá að meðalaldur íbúa á svæðinu er almennt hærri en landsmeðaltal. Langanesbyggð er eina sveitarfélagið sem fylgir landsmeðaltali og Tjörneshreppur vísur mest frá landsmeðaltalinu. Í öllum sveitarfélögum fjölga íbúum í hópi 50 ára og eldri. Hlutfallslega fjölgun er mest í Mývatnssveit um 30% en minnst í Langanesbyggð um 6,6% fjölgun. Fjölgun í Norðurþingi og Langanesbyggð má að einhverju leyti skýra með því að fólk flytur þangað til að sækja í öldrunar- og hjúkrunarrými sem ekki eru til staðar í hinum sveitarfélögum.

Skútustaðahreppur er frábrugðinn hinum sveitarfélögum að því leyti að þar fækka íbúum í aldurshópi 70 ára og eldri. Í viðhörfskönnun Þekkingarnets Þingeyinga árið 2016 kom fram að eldri íbúar telja sterkan grundvöll vera fyrir byggingu dvalarheimilis í sveitarfélaginu en þar kom einnig fram að aðeins 40% af þátttakendum töldu líklegt að flytjast til Húsavíkur þegar þörf væri á búsetu á dvalarheimili.

Ef horft er á heildarmyndir fyrir öll sveitarfélögin (myndir 19 og 20) má sjá að á meðan fólksfjöldi er svipaður síðastliðin 10 ár, með fjölgun síðustu tvö ár, þá fjölga íbúum í aldurshópum 50+ um 17,5%.